

Ed.

149. Frumvarp

til laga um einkasöluheimild bæjar- og sveitarfélaga.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Heimilt er bæjar- og sveitarstjórnnum að ákveða með samþykktum, sem atvinnumálaráðherra staðfestir, að taka í sínar hendur einkasölu innan umdæmisins á nýjum fiski, brauðum, mjólk, salti, kolum, sementi og trjávið, og er þá öllum öðrum óheimilt að reka þar verzlun með þessar vörutegundir.

2. gr.

Nú hefir bæjar- eða sveitarstjórn samþykkt að taka í sínar hendur einkasölu á einni eða fleiri vörutegundum samkv. 1. gr., og skal hún þá með reglugerð kveða á um fyrirkomulag verzlunarinnar, útvegum og söfnun veltufjár,

varasjóði og tryggingarsjóði og annað, er að verzlunarrekstrinum lýtur. Þar skal og ákveða sektir fyrir brot gegn einkasölurekstrinum, frá 500—10000 kr. Reglugerðirnar öðlast gildi þegar atvinnumálaráðherra hefir staðfest þær.

3. gr.

Nú hagar svo til, að siglingateppa getur átt sér stað einhvern hluta árs vegna hafiss eða annara hindrana, og er þá bæjar- og sveitarfélögum heimilt að taka í sínar hendur innflutning og sölu á nauðsynjavörum til tryggingar því, að ekki verði skortur á þessum vörum til almenningsþarfa innan takmarka bæjarins eða sveitarinnar.

4. gr.

Bæjarstjórn og sveitarstjórn, hvor í sínu lagi eða á sameiginlegum fundi, þar sem bæjarfélag og sveitarfélag eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, skulu árlega með samþykkt ákveða, hvort sú heimild skuli notuð eða ekki, sem um getur í 3. gr., og hve langan tíma úr árinu. Skal innflutningur miðaður við, að nægilegt sé fyrirbyggjandi af nauðsynjavörum þann tíma árs, sem hætt er við vöruskorti vegna siglingateppu.

Bæjarstjórn og sveitarstjórn ákveða, hvað teljast skuli nauðsynjavörur samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Áður en ákvörðun er tekin um innflutning og sölu nauðsynjavara samkv. 3. gr., lætur bæjarstjórn og sveitarstjórn fram fara rannsókn hjá kaupfélögum, kaupmönnum, heildsölum og brauðgerðarhúsum á birgðum þeirra vara, sem einkasöluheimildin nær til.

Nú reynist, að dómi bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar, nægar birgðir fyrirbyggjandi, til þess að tryggilegt sé að þær endist til sölu yfir þann tíma árs, sem siglingateppa getur átt sér stað. Getur þá bæjarstjórn eða sveitarstjórn látið vera að taka í sínar hendur innflutning og sölu nauðsynjavara í það skipti.

6. gr.

Þegar bæjarstjórn eða sveitarstjórn hefir með samþykkt ákveðið að taka einkasölu á nauðsynjavörum samkvæmt lögum þessum, er öllum öðrum bannaður innflutningur á þeim vörum til bæjarins eða sveitarinnar meðan samþykktin er í gildi.

7. gr.

Nú vill bæjarstjórn eða sveitarstjórn fela öðrum innflutning og sölu á vörum þeim, sem um getur í 3. gr., sbr. 4. gr., getur þá bæjarstjórn eða sveitarstjórn samið um innflutning og sölu þeirra við kaupfélög, kaupmenn, heildsala og brauðgerðarhús, sem hafa aðallega haft innflutning á þeim vörum áður, þó því aðeins að tryggilegt sé, að nægar birgðir verði ætíð fyrirbyggjandi þann tíma, sem hætt er við siglingateppu. Getur bæjarstjórn eða sveitarstjórn þá ákveðið, hvað hver innflytjandi megi flytja inn af vörum þessum, enda skiptist innflutningurinn hlutfallslega milli þeirra, sem innflutning annast, miðað við innflutning þeirra á sömu vörum næsta ár á undan, og er þá öllum öðrum en þeim, sem bæjarstjórn eða sveitarstjórn hefir samið við, bannaður innflutningur á

nefndum vörum meðan samningur bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar við innflytjendur er í gildi.

8. gr.

Brot gegn 6. og 7. gr. varðar sektum frá 500 til 5000 kr., og skal bæjarstjórn eða sveitarstjórn leggja sölubann á vörur þær, sem inn hafa verið fluttar, er gildi þar til innflutningsbann er útrunnið í það sinn.

9. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum, samþykktum og reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti almennra lögreglumála.

Greinargerð.

Frumvarp, svipað að efni því er hér birtist, var lagt fyrir Alþingi 1929, en var fellt í Ed. Fyrirsögn þess frv. var: Frumvarp til laga um heimild fyrir bæjar- og sýslufélög til þess að taka einkasölu á nauðsynjavörum. Þetta frv. er nokkru viðtækara en frv. frá 1929, að því leyti, að hér er gert ráð fyrir því, að bæjarfélög og sveitarfélög öðlist rétt til að taka einkasölu á nýjum fiski, brauðum, mjólk, salti, kolum, sementi og trjávið, án tillits til hættu er stafi af siglingateppu. Meðan ríkið tekur ekki einkasölu á kolum, salti, sementi og timbri, virðist ekki óeðlilegt, að bæjar- og sveitarfélögum sé gefin heimild til þess að taka í sínar hendur einkasölu á þeim vörum innan sinna vébanda, þar sem mjög víða mun haga svo til, að bæjar- og sveitarfélög hafi betri aðstöðu til verzlunar með þessar vörur en einstaklingar.

Kunnugt er, að við sölu á nýjum fiski, brauði og mjólk ríkir víða það ástand, er gerir vörur þessar mikið dýrari en vera þyrfti, ef betra skipulag væri á sölu þeirra og öflun. Þarf ekki að efa, að bæjar- og sveitarfélög gætu bætt þar um til stórra muna, ef þau fengju einkaaðstöðu til þess, og gætu þar sem haganlegt þætti aflað þeirra vara með stofnun brauðgerðarhúsa, kúabúa og öflunar nýs fiskjar, enda hafa Ísafjarðarkaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður þegar stofnað kúabú til mjólkuraukningar og verðlækkunar á þeirri vöru.

Þær raddir verða æ sterkari með ári hverju, sem telja það óhjákvæmilegt, að hið opinbera geri ráðstafanir til þess að tryggja þá hluta landsins gegn siglingateppu, sem í mestri hættu eru vegna hindrana af hafis. Fyrir þá hættu er auðvelt að byggja með því að flytja inn nægilega snemma vetrar eða að hausti hæfilegan forða af nauðsynjavörum, til þess að nægilegt sé fram á næsta vor, og virðist ekki óeðlilegt, að hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög önnuðust þann innflutning, eða sæju um að hann yrði framkvæmdur. Er því í frv. þessu gert ráð fyrir, að bæjar- og sveitarfélög fái rétt til einkasölu á nauðsynjavörum þann hluta árs, sem mest hætta stafar af siglingateppu, sem hér hefir verið minnt á.